

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Sauðárkróki, 2. mars 2019

### Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra lyfjalaga, mál nr. S-52/2019

Drög að frumvarpi til nýrra lyfjalaga voru birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnarráðsins þann 21. febrúar sl. og var frestur veittur til og með 3. mars. Fyrir utan afar takmarkaðan tíma sem til gefst til að leggja fram athugasemdir, telst það verulegur galli á framsetningu, að einungis er farið yfir rökstuðning á hluta (greinum 1-40) af frumvarpinu. Því er erfitt að fá yfirsýn yfir rökstuðning stjórnvalda fyrir frumvarpinu sem heild.

Landssamband kúabænda (LK) hefur farið yfir frumvarpið og hefur eftirfarandi athugasemdir:

1.

Frumvarpið leggur til töluverðar breytingar á heimildum til lyfsölu, sem myndi hafa mjög neikvæð áhrif á störf dýralækna og þá þjónustu sem þeir veita bændum.

Í drögum að frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á lög.þ 2014-2015 var að finna ákvæði er fjallaði um lyfjasölu dýralækna. Í hinu nýja frumvarpi hefur ákvæðið verið fellt út og öðrum ákvæðum sem henni tengdust breytt í samræmi við það. Ákvæðið var svohljóðandi:

*Leyfi dýralækna til að selja lyf sem ætluð eru dýrum.*

*Lyfjastofnun veitir dýralæknum, að fenginni umsókn, leyfi til að selja lyf sem ætluð eru dýrum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:*

- a. *þeir hafi gilt starfsleyfi dýralæknis hér á landi, sbr. lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr,*
- b. *þeir hafi tilkynnt Matvælastofnun um að viðkomandi hafi hafið dýralæknastörf sem og um aðsetur starfseminnar.*

*Lyfsöluleyfi dýralækna takmarkast við sölu og afhendingu eftirtalinna lyfja:*

- a. *lausasölulyfja fyrir dýr,*
- b. *lyfja sem ávísað er af dýralækni, sbr. reglugerð um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.*

Þessi breyting, þ.e. að svifta dýralækna rétti til lyfjasölu eykur til muna flækjustig þjónustunnar sem bændur kaupa, sem gæti síðan haft ýmsar neikvæðar afleiðingar í för með sér. Í fjölmörgum tilfellum eru bújarðir kúabænda staðsettar tugum, og jafnvel yfir hundrað, kílómetra frá þeirri dýralæknaþjónustu sem næst er. Þar af leiðandi er ekki óalgengt að dýralæknir þurfi að keyra á milli 100 til 200 kílómetra samanlagt til að sinna dýrum sem þurfa á meðhöndlun að halda. Með þessu lagafrumvarpi mun svo bætast við sá liður í ferlinu, að bóndinn þarf að sækja þau lyf sem þarf til áframhaldandi meðferðar í næsta þéttbýlisstað þar sem lyfjafræðingur er staðsettur. Raunverulegt dæmi af norðurlandi vestra er, að kúabóndi þyrfti að keyra samanlagt 160 kílómetra í þessum tilgangi.

Með þessum aukna akstri og fyrirhöfn sem hlýst af breyttu fyrirkomulagi á aðgengi lyfja, fylgir mikill kostnaður fyrir bændur. Bæði beinn kostnaður í eldsneyti og sliti á ökutækjum, sem og óbeinn í þeim tíma sem bóndinn þarf að nota til að nálgast lyfin. Einnig mun þetta auka töluvert það kolefnisspor sem dýrahald á Íslandi mun skilja eftir sig í formi aukins aksturs. Við bætist svo að framganga meðferðaráætlunar getur orðið háð þjónustustigi lyfsala á viðkomandi svæðum, sem eru afar slæmar aðstæður.

Mikil hættu er á því að áður nefndar breytingarnar sem fylgja frumvarpi þessu muni hafa mjög neikvæð áhrif á dýravelferð búfénaðar. Lækkun þjónustustigs og aukinn kostnaður tengdur veikum skepnum, eykur hættuna á að bændur veigri sér við því að óska eftir þjónustu dýralækna. Það mun hafa neikvæð áhrif á velferð þeirra einstöku dýra sem veikjast, sem og hjarðarinnar allrar þar sem stærsti hluti af allri ráðgjöf sem kúabændur sækja sér hjá dýralæknum fer fram heima á búunum.

Þá má einnig benda á að þeim góða árangri Íslands í notkun dýralyfja og lágrí tíðni sýklalyfjaónæmis verður varla haldið uppi með því að taka lyfsöluleyfi af dýralæknum sem LK telur best fallna til að sjá um sölu og dreifingu ásamt upplýsingagjöf til bænda.

Kúabændur eru sú stétt bænda sem þarf að nýta sér þjónustu dýralækna til ráðgjafar og lækninga veikra dýra hvað reglulegast á ársgrundvelli hér á landi. Því leggst Landssamband kúabænda gegn því að dýralæknum verði ekki lengur heimil smásala lyfja.

2.

Landssamband kúabænda hefur sömuleiðis áhyggjur af því að smásöluálagning lyfja verði gefin frjálts. Það getur haft ýmis neikvæð áhrif á framboð og sölu lyfja, sérstaklega í dreifbýli, og þar af leiðandi orðið ráðandi þáttur í ákvörðunum um meðferðaráætlun. Það er staða sem Ísland, sem státar af almennt háu stigi þegar kemur að dýravelferð, ætti að forðast.

3.

Landssamband kúabænda hvetur ráðuneytið til að endurskoða ofan nefnd atriðið í frekari meðferð frumvarpsins. Í eðli sínu er grunnþjónusta dýralækna ólík starfsemi lyfjafræðinga, og betur til þess fallin að halda uppi góðu og hagkvæmu þjónustustigi við bændur, rekstri þeirra og velferð búpenings til heilla.

Virðingarfyllt,

  
Margrét Gísladóttir

*Framvkæmdastjóri Landssambands kúabænda*